Yfirlit yfir fullnaðarafgreiðslur skipulagsfulltrúa

44. embættisafgreiðslufundur skipulagsfulltrúa þann 27. apríl 2026 2
45. embættisafgreiðslufundur skipulagsfulltrúa þann 11. maí 2026 3
46. embættisafgreiðslufundur skipulagsfulltrúa þann 26. maí 2026 5
47. embættisafgreiðslufundur skipulagsfulltrúa þann 1. júní 2026 7
48. embættisafgreiðslufundur skipulagsfulltrúa þann 8. júní 2026 8
49. embættisafgreiðslufundur skipulagsfulltrúa þann 23. júní 2026 9
50. embættisafgreiðslufundur skipulagsfulltrúa þann 13. júlí 2026 10
51. embættisafgreiðslufundur skipulagsfulltrúa þann 10. ágúst 2026 12
52. embættisafgreiðslufundur skipulagsfulltrúa þann 25. ágúst 2026 13
53. embættisafgreiðslufundur skipulagsfulltrúa þann 14. september 2026 16
54. embættisafgreiðslufundur skipulagsfulltrúa þann 28. september 2026 18
55. embættisafgreiðslufundur skipulagsfulltrúa þann 13. október 2026 20
56. embættisafgreiðslufundur skipulagsfulltrúa þann 27. október 2026 22

Öll gögn sem fylgja einstökum erindum eru aðgengileg í viðkomandi fundargerð á heimasíðu Kópavogsbæjar.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 05.11.2026

26031413 – Álftröð 1. Breytt aksturssstefna. Fyrirspurn.
Lögð fram að nýju fyrirspurn Snorra Þórissonar dags. 10. mars 2026 f.h. húsfélagsins nr. 1 við Traðarreit um breytta aksturssstefnu götunar. Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa þann 25. mars 2026 var fyrirspurninni vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa. Lögð fram að nýju ásamt skipulagsfulltrúa dags. 27. apríl 2026.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 27. apríl 2026, samþykkt.

2604241 - Álalind 2. Fyrirspurn.
Lögð fram fyrirspurn Ellerts Más Jónssonar arkitekts dags. 2. apríl 2026 f.h. lóðarhafa lóðarinnar nr. 2 við Álalind um breytingu á deiliskipulagi. Í breytingunni felst leyfi til að reisa svalaskýli á 5. hæð. Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa þann 13. apríl 2026 var fyrirspurninni vísað til umsagnar verkefnastjóra. Lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 27. apríl 2026.
Neikvætt með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 27. apríl 2026.

26032470 - Álalind 14. Byggingarleyfisumsókn.
Lagt fram að nýju erindi byggingarfulltrúa dags. 13. mars 2026 þar sem byggingarleyfisumsókn Eiríks Vignis Pálssonar byggingafræðings f.h. lóðarhafa lóðarinnar nr. 14 við Álalind er vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa. Sótt er um að koma fyrir svalalokunum á 1. til 9. hæð hússins. Uppdrættir dags. 12. febrúar 2026. Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa þann 25. mars 2026 var byggingarleyfisumsókninni vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa. Lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 27. apríl 2026.
Neikvætt með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 27. apríl 2026.

26032509 - Silfursmári 2-8. Fyrirspurn.
Lögð fram að nýju fyrirspurn Arnars Þórs Jónssonar arkitekts dags. 17 .mars 2026 f.h. húsfélags Silfursmára 4-8, lóðarhöfum lóðarinnar nr. 2, 4, 6, og 8 við Silfursmára og 2, 4, 6, 10, 12 og 14 við Sunnusmára, þar sem óskað er eftir afstöðu skipulagsyfirvalda Kópavogsbæjar um heimild til að loka svölum á efstu hæð hússins nr. 4-8 við Silfursmára. Þá lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 24. apríl 2026.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 24. apríl 2026, samþykkt.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 05.11.2026

25062107 - Skemmuvegur 46. Byggingarleyfisumsókn.
Lögð fram að nýju að lokinni grenndarkynningu byggingarleyfisumsókn Kristins Más Þorsteinssonar f.h. lóðarhafa lóðarinnar nr. 46 við Skemmuveg. Sótt er um byggingarleyfi fyrir 252 m² viðbyggingu við suðurhluta núverandi iðnaðarhúss á lóðinni. Fyrirhuguð viðbygging er í sömu hæð og núverandi iðnaðarhús, er á tveimur hæðum auk millilofts og með reistu þaki. Við breytinguna eykst byggingarmagn úr 1.226 m² í 1.478 m² og nýtingarhlutfall lóðarinnar hækkar úr 0,82 í 1,0. Fyrirkomulag bílastæða breytist og afmörkun lóðar breytist á suðvesturhorni lóðar. Lóð minnkar um 19,27 m², úr 1.488 m² í 1.468,73 m². Mæliblað fyrir lóðina verður uppfært.
Samþykkt með vísan 4.tl. 3. gr. í viðauka IV við samþykkt um stjórn Kópavogsbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 1691/2024. Vísað til fullnaðarafgreiðslu byggingarfulltrúa.

2511496 - Örvasalir 26. Breytt deiliskipulag.
Lögð fram að nýju að lokinni grenndarkynningu umsókn Kjartans Ólafs Sigurðssonar byggingafræðings dags. 7. nóvember 2025 f.h. lóðarhafa lóðarinnar nr. 26 við Örvasali um breytingu á deiliskipulagi. Á lóðinni er 221,1 m² einbýlishús. Í breytingunni felst að óútgrafið rými undir húsinu, alls 49,2 m², verður gerður að íbúðarrými. Leyfilegt hámarksflatarmál hússins á lóðinni verður því 270,3 m². Stækkunin er innan byggingarreits. Ekki eru gerðar breytingar á ytra byrði hússins. Tillagan var grenndarkynnt frá 6. mars til 13. apríl 2026, engar athugasemdir bárust.
Samþykkt með vísan 3.tl. 3. gr. í viðauka IV við samþykkt um stjórn Kópavogsbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 1691/2024.

26032469 - Digranesheiði 31. Byggingarleyfisumsókn.
Lagt fram að nýju erindi byggingarfulltrúa dags. 13. mars 2026 þar sem byggingarleyfisumsókn Kristins Ragnarssonar arkitekts f.h. lóðarhafa lóðarinnar nr. 31 við Digranesheiði er vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa. Sótt er um 17 m² viðbyggingu ofan á bílskúr, breytingu á innra skipulagi efri hæðar og að breyta bílskúr í stúdíó íbúð. Uppdrættir dags. 14. desember 2020, uppfærðir 3. júlí 2026. Embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa þann 25. mars 2026 var byggingarleyfisumsókninni vísað til umsagnar verkefnastjóra. Lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 11. maí 2026.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 11. maí 2026, samþykkt.

26042315 - Bergsmári 2. Fyrirspurn.
Lögð fram að nýju fyrirspurn lóðarhafa lóðarinnar nr. 2 við Bergsmára dags. 17. apríl 2026 um að kantsteinn fyrir framan húsið verði fjarlægður að hluta til. Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa þann 27. apríl 2026 var erindinu vísað til umsagnar verkefnastjóra. Lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 11. maí 2026.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 05.11.2026

Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 11. maí 2026, samþykkt.

2604666 - Hafnarbraut 13A. Fyrirspurn.
Lögð fram að nýju fyrirspurn lóðarhafa lóðarinnar nr. 13A við Hafnarbraut dags. 7. apríl 2026 um breytingu á deiliskipulagi. Í breytingunni felst að breyta skráningu eignarhluta 0103 úr skrifstofurými í íbúð. Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa þann 13. apríl 2026 var erindinu vísað til umsagnar verkefnastjóra. Lagt fram að nýju ásamt umsögn dags. 11. maí 2026.
Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 11. maí 2026.

26041117 - Stöðvarhvarf 5-7 og 9-11. Fyrirspurn.
Lögð fram að nýju fyrirspurn Antons Svans Guðmundssonar arkitekts dags. 9. apríl 2026 vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar á lóðunum nr. 5-7, 9-11 við Stöðvarhvarf. Í fyrirspurninni er m.a. óskað eftir heimild til að hækka hámarksstærð íbúða í 225 m², með tilheyrandi áhrifum á nýtingarhlutfall lóðanna, auk undanþága frá gildandi deiliskipulagsskilmálum varðandi útfærslu svala og þakkanta. Þá er jafnframt óskað eftir heimild til léttrar bílskúrsbyggingar á lóð og breytingu á hæðarsetningu lóðanna Stöðvarhvarfs 5 og 7. Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa þann 13. apríl 2026 var erindinu vísað til umsagnar verkefnastjóra. Lagt fram að nýju ásamt umsögn dags. 11. maí 2026.
Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 11. maí 2026.

26043168 - Dalvegur 30 og 30A. Breytt aðkoma.
Lagt fram erindi lóðarhafa lóðarinnar nr. 30 og 30A við Dalveg dags. 27. apríl 2026 um breytta aðkomu lóðarinnar. Uppdráttur dags. 17. apríl 2026. Jafnframt lögð fram umsögn deildarstjóra gatnadeildar dags. 7. maí 2026.
Með vísan til umsagnar deildarstjóra gatnadeildar dags. 7. maí 2026 eru ekki gerðar athugasemdir við að sótt verði um framkvæmdaleyfi.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 05.11.2026

26022745 - Skjólbraut 5. Byggingarleyfisumsókn.
Lögð fram að nýju að lokinni grenndarkynningu byggingarleyfisumsókn Braga Blumenstein arkitekts f.h. lóðarhafa lóðarinnar nr. 5 við Skjólbraut. Sótt er um byggingarleyfi fyrir að hækka þak hússins og setja tvo kvisti á þakið, einn að norðanverðu og annan að sunnanverðu að Skjólbraut 5. Birt flatarmál eykst um 36,7 m², úr 139,6 m² í 176,3 m². Nýtingarhlutfallið hækkar úr 0,19 í 0,24. Uppdrættir dags. 24. janúar 2026. Byggingarleyfisumsóknin var grenndarkynnt frá 15. apríl 2026 til 17. maí 2026, engar athugasemdir bárust.
Samþykkt með vísan 4.tl. 3. gr. í viðauka IV við samþykkt um stjórn Kópavogsbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 1691/2024. Vísað til fullnaðarafgreiðslu byggingarfulltrúa.

2603816 - Nýbýlavegur 32. Byggingarleyfisumsókn.
Lagt fram að nýju að lokinni grenndarkynningu byggingarleyfisumsókn Einars Ólafssonar arkitekts f.h. lóðarhafa lóðarinnar nr. 32 við Nýbýlaveg. Sótt er um að breyta fjórum íbúðum á 3. hæð í gistiheimili í flokki II. Uppdrættir dags. 18. febrúar 2026. Byggingarleyfisumsóknin var grenndarkynnt frá 21. apríl 2026 til 24. maí 2026, engar athugasemdir bárust.
Samþykkt með vísan 4.tl. 3. gr. í viðauka IV við samþykkt um stjórn Kópavogsbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 1691/2024. Vísað til fullnaðarafgreiðslu byggingarfulltrúa.

26043198 - Dimmuhvarf 9. Fyrirspurn.
Lögð fram að nýju fyrirspurn Stefáns Snæs Ágústssonar dags. 28. apríl 2026 um breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar nr. 9 við Dimmuhvarf. Í breytingunni felst að á lóðinni verði byggt parhús í stað einbýlishúss. Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa þann 11. maí 2026 var fyrirspurninni vísað til umsagnar. Lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 26. maí 2026.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 26. maí 2026, samþykkt.

26051936 - Dalvegur 30 og 30A. Skilti. Fyrirspurn.
Lögð fram fyrirspurn Andra Klausen arkitekts dags. 11. maí 2026 f.h. lóðarhafa lóðarinnar nr. 30 við Dalveg. Óskað er eftir afstöðu skipulagsfulltrúa til þess að koma fyrir þjónustuskiltum, í formi upplýsingaskjáa, við innkeyrslu á norðurhlið og við suðurhlið lóðarinnar. Um er að ræða upplýsingaskjái þar sem fyrirtæki í húsunum geta komið upplýsingum á framfæri við vegfarendur, s.s. um starfsemi, þjónustu og aðgengi. Jafnframt lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 26. maí 2026.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 26. maí 2026, samþykkt.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 05.11.2026

47. embættisafgreiðslufundur skipulagsfulltrúa þann 1. júní 2026

Engar fullnaðarafgreiðslur.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 05.11.2026

26043337 - Lómasalir 13. Fyrirspurn.
Lögð fram að nýju fyrirspurn lóðarhafa lóðarinnar nr. 13 við Lómasali dags. 29. apríl 2026 um að setja svalalokunarkerfi á jarðhæð, undir svalirnar sem eru á 2. hæð. Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa þann 11. maí 2026 var erindinu vísað til umsagnar. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 8. júní 2026.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 8. júní 2026, samþykkt.

26051934 - Fossvogsbrún 2. Fyrirspurn.
Lögð fram fyrirspurn Sveins Ívarssonar arkitekts dags. 11. maí 2026 f.h. lóðarhafa lóðarinnar nr. 2 við Fossvogsbrún um stækkun bílskúrs á lóðinni um 54 m², úr 40 m² í 94 m². Nýtingarhlutfall hækkar úr 0,23 í 0,28. Uppdrættir dags. 4. mars 2026. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 8. júní 2026.
Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 8. júní 2026.

26053656 - Kópavogsbraut 20. Fyrirspurn.
Lögð fram að nýju fyrirspurn Gests Ólafssonar dags. 21. maí 2026 f.h. lóðarhafa lóðarinnar nr. 20 við Kópavogsbraut um tvær viðbyggingar við suður- og norðurhlið bifreiðageymslu, samtals 100,98 m² (brúttó). Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa þann 26. maí 2026 var erindinu vísað til umsagnar. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 8. júní 2026.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 8. júní 2026, samþykkt.

26042504 - Hagasmári 3. Fyrirspurn.
Lögð fram að nýju fyrirspurn Ellerts Hreinssonar arkitekts dags. 20. apríl 2026 f.h. lóðarhafa lóðarinnar nr. 3 við Hagasmára um aukið byggingarmagn lóðarinnar með tveimur tveggja hæða viðbyggingum við núverandi inngang til vesturs á norðurturni. Byggingarmagn lóðarinnar myndi hækka um 1000 m², úr 18.195,3 m² í 19.195,3 m². Nýtingarhlutfall lóðarinnar hækkar úr 1,52 1,60. Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa þann 27. apríl 2026 var erindinu vísað til umsagnar. Einnig lögð fram umsögn dags. 26. maí 2026.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 26. maí 2026, samþykkt.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 05.11.2026

2606306 - Lindasmári 39. Fyrirspurn.
Lögð fram að nýju fyrirspurn lóðarhafa lóðarinnar nr. 39 við Lindasmára dags. 2. júní 2026 um að stækka núverandi sólpall út að lóðarmörkum. Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa þann 8. júní 2026 var erindinu vísað til umsagnar verkefnastjóra. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 23. júní 2026.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 23. júní 2026, samþykkt.

2606114 - Vogatunga 22. Byggingarleyfisumsókn.
Lagt fram að nýju erindi byggingarfulltrúa dags. 22. maí 2026 þar sem byggingarleyfisumsókn Vigfúsar Björnssonar verkfræðings f.h. lóðarhafa lóðarinnar nr. 22 við Vogatungu er vísað til skipulagsfulltrúa. Sótt er um að stækka suðursvalir raðhússins um 10 m². Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa þann 8. júní 2026 var erindinu vísað til umsagnar verkefnastjóra. Uppdrættir dags. 12. maí 2026. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 23. júní 2026.
Samþykkt með vísan 6. tl. 3. gr. í viðauka IV við samþykkt um stjórn Kópavogsbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 1691/2024, sbr. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa.

26054034 - Bergsmári 3. Fyrirspurn.
Lögð fram að nýju fyrirspurn lóðarhafa lóðarinnar nr. 3 við Bergsmára dags. 26. maí 2026 um niðurtekt á kantsteini. Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa þann 8. júní 2026 var erindinu vísað til umsagnar verkefnastjóra. Einnig lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 23. júní 2026.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 23. júní 2026, samþykkt.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 05.11.2026

26051988 - Smiðjuvegur 11. Byggingarleyfisumsókn.
Lögð fram að nýju að lokinni grenndarkynningu byggingarleyfisumsókn G. Odds Víðissonar arkitekts f.h. lóðarhafa lóðarinnar nr. 11 við Smiðjuveg. Sótt er um að byggja 27m² anddyri norðan megin við iðnaðar- og atvinnuhúsnæði á lóð nr. 11 við Smiðjuveg (mhl. 01). Fyrirhuguð viðbygging verður nýr inngangur inn í verslunarrýmið, um leið verður fimm stórum gluggum lokað. Jafnframt verður bætt við milligólfi, samtals 400 m² viðbót. Uppdrættir dags. 30. október 2025. Byggingarleyfisumsóknin var grenndarkynnt frá 8. júní til 8. júlí 2026, engar athugasemdir bárust.
Samþykkt með vísan til 4. tl. 3. gr. viðauka IV við samþykkt um stjórn Kópavogsbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 1691/2024. Vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa.

26054610 - Dalsmári 1. Smáraskóli. Breytt deiliskipulag.
Lögð fram að nýju að lokinni grenndarkynningu umsókn umhverfissviðs dags. 28. maí 2026 um breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar nr. 1 við Dalsmára. Í breytingunni felst að byggingarreitur fyrir núverandi færanlegar skólastofur stækkar til norðausturs um 19,7m x 22m svo hægt sé að koma fyrir nýrri 135,1 m² færanlegri skólastofu. Fyrirhuguð skólastofa er á einni hæð með flötu þaki. Hámarks þak- og vegghæð frá gólfi mun vera um 3,06 m. Uppdráttur dags. 4. júní 2026. Umsóknin var grenndarkynnt frá 11. júní til 12. júlí 2026, engar athugasemdir bárust.
Samþykkt með vísan til 3. tl. 3. gr. viðauka IV við samþykkt um stjórn Kópavogsbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 1691/2024. Vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa.

26061593 - Búðakór 1. Byggingarleyfisumsókn.
Lagt fram erindi byggingarfulltrúa dags. 5. júní 2026 þar sem byggingarleyfisumsókn Sigríðar Magnúsdóttur arkitekts f.h. lóðarhafa lóðarinnar nr. 1 við Búðakór er vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa. Sótt er um stækkun á núverandi LED skilti á lóðinni, austurhliðin verður 5 m² stærri og vesturhliðin 2 m² stærri. Uppdrættir dags. 22. janúar 2026, uppfærðir 4. mars 2026 og 11. mars 2026 ásamt minnisblaði Ástu Logadóttur og Bjarka Más Sigmarssonar dags. 27. apríl 2026.
Neikvætt með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 10. júlí 2026.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 05.11.2026

2606579 - Borgarlínan. Bakkabraut. Umsókn um framkvæmdaleyfi.
Lögð fram að nýju umsókn Betri samgangna ohf. dags. 5. júní 2026 um framkvæmdaleyfi fyrir gatnagerð á legg 189, Bakkabraut, á norðanverðu Kársnesi frá og með gatnamótum Bakkabrautar og Vesturvarar að Fossvogsbrú. Uppdrættir dags. 23. júní 2025 og 1. desember 2025 uppfærðir 8. apríl 2026. Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa þann 8. júní 2026 var erindinu vísað til umsagnar verkefnastjóra. Einnig er lögð fram umsögn dags. 13. júlí 2026.
Samþykkt með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 13. júlí 2026 og með vísan til 11. tl. 3. gr. viðauka IV við samþykkt um stjórn Kópavogsbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar.

Útgáfu framkvæmdaleyfis er vísað til skrifstofu bæjarritara. Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir útgáfu framkvæmdaleyfis áður en það er gefið út skv. 28. gr. í samþykkt Kópavogsbæjar nr. 1725/2024.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 05.11.2026

26043324 - Melgerði 14. Byggingarleyfisumsókn.
Lögð fram að nýju að lokinni grenndarkynningu byggingarleyfisumsókn Vigfúsar Halldórssonar byggingarfræðings f.h. lóðarhafa lóðarinnar nr. 14 við Melgerði. Sótt er um að byggja viðbyggingu yfir verönd framan við forstofu og taka niður burðarvegg í eldhúsi og stofu, alls stækkun upp á 14,4 m². Uppdrættir dags. 15. desember 2025. Byggingarleyfisumsóknin var grenndarkynnt frá 16. júní til 17. júlí 2026, engar athugasemdir bárust.
Samþykkt með vísan 4.tl. 3. gr. í viðauka IV við samþykkt um stjórn Kópavogsbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 1691/2024. Vísað til fullnaðarafgreiðslu byggingarfulltrúa.

26051993 - Kastalagerði 4. Byggingarleyfisumsókn.
Lögð fram að nýju að lokinni grenndarkynningu byggingarleyfisumsókn Kristins Ragnarssonar arkitekts f.h. lóðarhafa lóðarinnar nr. 4 við Kastalagerði. Sótt er um að framlengja valmaþak yfir bílskúr og að hækka bílskúrsveggi upp í nýtt þak. Uppdrættir dags. 25. desember 2008, uppfærðir 4. febrúar 2026. Byggingarleyfisumsóknin var grenndarkynnt frá 16. júní til 17. júlí 2026, engar athugasemdir bárust.
Samþykkt með vísan 4.tl. 3. gr. í viðauka IV við samþykkt um stjórn Kópavogsbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 1691/2024. Vísað til fullnaðarafgreiðslu byggingarfulltrúa.

2606909 - Fagrahvarf 2-8. Breytt deiliskipulag.
Lögð fram að nýju að lokinni grenndarkynningu umsókn Gunnars Loga Gunnarssonar arkitekts dags. 9. júní 2026 f.h. lóðarhafa lóðanna nr. 2-8 við Fagraþing um breytingu á deiliskipulagi. Í breytingunni felst stækkun byggingarreits um 1,65 m til suðurs til að koma fyrir 9 m² utanáliggjandi svölum. Uppdrættir ódags. Tillagan var grenndarkynnt frá 7. júlí til 7. ágúst 2026, engar athugasemdir bárust.
Samþykkt með vísan 3.tl. 3. gr. í viðauka IV við samþykkt um stjórn Kópavogsbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 1691/2024.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 05.11.2026

26062859 - Álftröð 1-7, Skólatröð 2-8 og Hávegur 2-4. Byggingarleyfisumsókn.
Lagt fram að nýju erindi byggingarfulltrúa dags. 19. júní 2026 þar sem byggingarleyfisumsókn Ásgeirs Ásgeirssonar arkitekts f.h. lóðarhafa lóðanna nr. 1-7 við Álftröð, nr. 2-8 við Skólatröð og nr. 2-4 við Háveg er vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa. Sótt er um 13 m² svalalokun á hluta af þaksvölum íbúðar nr. 0504. Uppdrættir dags. 15. október 2021, uppfærðir 7. apríl 2026. Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa þann 13. júlí 2026 var erindinu vísað til umsagnar. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 18. ágúst 2026.
Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 18. ágúst 2026. Samræmist ekki deiliskipulagi.

26063288 - Kópavogsbraut 64. Fyrirspurn.
Lögð fram að nýju fyrirspurn lóðarhafa lóðarinnar nr. 64 við Kópavogsbraut dags. 30. júní 2026 um stækkun bílageymslna á lóðinni og að þeim verði breytt í íbúðarrými. Fyrirspurninni fylgja ódagsettar teikningar af fyrirhugaðri breytingu. Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa þann 13. júlí 2026 var erindinu vísað til umsagnar verkefnastjóra. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 21. ágúst 2026.
Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 21. ágúst 2026.

26062862 - Grænatún 8. Fyrirspurn.
Lögð fram að nýju fyrirspurn lóðarhafa lóðarinnar nr. 8 við Grænatún dags. 24. júní 2026 um fjölgun bílastæða á lóðinni úr tveimur í fjögur og niðurtekt á kantsteini. Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa þann 13. júlí 2026 var erindinu vísað til umsagnar. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 25. ágúst 2026.
Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 25. ágúst 2026.

2607205 - Dimmuhvarf 10. Fyrirspurn.
Lögð fram að nýju fyrirspurn Bjarna Óskars Þorsteinssonar arkitekts dags. 2. júlí 2026 f.h. Úlfsstaða ehf. um breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar nr. 10 við Dimmuhvarf. Í breytingunni felst að núverandi hús á lóðinni verði rifið og að á lóðinni verði byggt einbýlishús og hesthús samtals 354 m². Uppdrættir dags. 2. júlí 2026. Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa þann 13. júlí 2026 var erindinu vísað til umsagnar. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 25. ágúst 2026.
Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 25. ágúst 2026.

2608368 - Álalind 4-8. Byggingarleyfisumsókn.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 05.11.2026

Lagt fram að nýju erindi byggingarfulltrúa dags. 17. júlí 2026 þar sem byggingarleyfisumsókn Orra Árnasonar arkitekts f.h. lóðarhafa lóðarinnar nr. 4-8 við Álalind er vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa. Sótt er um svalalokun og sólskála. Uppdrættir dags. 26. júní 2026. Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa þann 10. ágúst 2026 var erindinu vísað til umsagnar. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 25. ágúst 2026.
Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 25. ágúst 2026.

2608366 – Hlíðarhjalli 11. Byggingarleyfisumsókn.
Lagt fram að nýju erindi byggingarfulltrúa dags. 17. Júlí 2026 þar sem byggingarleyfisumsókn Ólafar Flygenring arkitekts f.h. lóðarhafa lóðarinnar nr. 11 við Hlíðarhjalla er vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa. Sótt er um að breyta notkun bílskúrs í íbúðarrými. Uppdrættir dags. 2. Júlí 2026. Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa þann 10. Ágúst 2026 var erindinu vísað til umsagnar verkefnastjóra. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 25. Ágúst 2026.
Ekki eru gerðar athugasemdir við erindið með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 25. Ágúst 2026.

2608371 - Huldubraut 9. Byggingarleyfisumsókn.
Lagt fram að nýju erindi byggingarfulltrúa dags. 31. júlí 2026 þar sem byggingarleyfisumsókn Jakobs Emils Líndal arkitekts f.h. lóðarhafa lóðarinnar nr. 9 við Huldubraut er vísað til skipulagsfulltrúa. Sótt er um fjölgun bílastæða á lóðinni. Uppdrættir dags. 30. júní 2026. Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa þann 10. ágúst 2026 var erindinu vísað til umsagnar verkefnastjóra. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 25. ágúst 2026.
Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 25. ágúst 2026.

26062847 - Salavegur 2. Fyrirspurn.
Lögð fram að nýju fyrirspurn Húsfélagsins lóðarinnar nr. 2 við Salaveg dags. 24. júní 2026 um stækkun lóðarinnar til að koma fyrir fleiri bílastæðum. Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa þann 10. ágúst 2026 var erindinu vísað til umsagnar verkefnastjóra. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 25. ágúst 2026.
Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 25. ágúst 2026.

2607765 - Austurkór 87. Fyrirspurn.
Lögð fram að nýju fyrirspurn lóðarhafa lóðarinnar nr. 87 við Austurkór um að byggja 26,2 m² smáhýsi á lóð. Um er að ræða aukahús sem er ekki til búsetu. Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa þann 13. júlí 2026 var erindinu vísað til umsagnar verkefnastjóra. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 25. ágúst 2026.
Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 25. ágúst 2026.
2608367 - Nónhæð. Nónsmári 9-15. Byggingarleyfisumsókn.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 05.11.2026

Lagt fram erindi byggingarfulltrúa dags. 17. júlí 2026 þar sem byggingarleyfisumsókn Hrólfs Carls Cela arkitekts f.h. lóðarhafa lóðarinnar nr. 9-15 við Nónsmára er vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa. Sótt er um að byggja þriðju hæð ofan á fjölbýlishús nr. 9-15 við Nónsmára, samtals 279 m². Uppdrættir dags. 25. mars 2023, uppfærðir 12. mars 2026. Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa þann 10. ágúst 2026 var erindinu vísað til umsagnar verkefnastjóra.

Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið. Samræmist deiliskipulagi.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 05.11.2026

2608365 - Sunnubraut 6. Byggingarleyfisumsókn.
Lagt fram að nýju erindi byggingarfulltrúa dags. 17. júlí 2026 þar sem byggingarleyfisumsókn Sigurðar Hallgrímssonar arkitekts f.h. lóðarhafa lóðarinnar nr. 6 við Sunnubraut er vísað til skipulagsfulltrúa. Sótt er um að breyta 26 m² bílskúr í vinnuherbergi. Uppdrættir dags. 1. júlí 2026. Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa þann 10. ágúst 2026 var erindinu vísað til umsagnar verkefnastjóra. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 11. september 2026.
Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 11. september 2026.

2608373 - Álfatún 14. Byggingarleyfisumsókn.
Lögð fram að nýju byggingarleyfisumsókn Helga S. Ólafssonar byggingarverkfræðings f.h. lóðarhafa lóðarinnar nr. 14 við Álfatún. Sótt er um lengingu þaks yfir svalir og þakskyggni yfir anddyri. Uppdrættir dags. 20. júlí 2026. Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa þann 25. ágúst 2026 var samþykkt að grenndarkynna byggingarleyfisumsóknina. Kynningartími hófst 1. september 2026. Einnig er lagt fram samþykki hagsmunaaðila í grenndarkynningu, móttekið þann 14. september 2026.
Samþykkt með vísan til 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og með vísan til heimilda í 7. tl. 3. gr. samþykktar um stjórn Kópavogsbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 1691/2024. Vísað til fullnaðarafgreiðslu byggingarfulltrúa.

26043335 - Holtagerði 4. Byggingarleyfisumsókn.
Lögð fram að nýju að lokinni grenndarkynningu byggingarleyfisumsókn Vigfúsar Halldórssonar byggingarfræðings f.h. lóðarhafa lóðarinnar nr. 4 við Holtagerði. Sótt er um að endurbyggja og stækka núverandi sólstofu úr 17 m² í 25,5 m² ofan á bílskúr ásamt því að setja vegg við hlið útitrappa til að styðja undir nýjar svalir á suð-austur hluta efri hæðar. Uppdrættir dags. 10. júní 2026. Byggingarleyfisumsóknin var grenndarkynnt frá 16. júní til 17. júlí 2026, athugasemd barst. Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa þann 10. ágúst 2026 var erindinu vísað til umsagnar verkefnastjóra. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 11. september 2026.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 11. september 2026, samþykkt.

2608523 - Þinghólsbraut 55. Fyrirspurn.
Lögð fram að nýju fyrirspurn lóðarhafa lóðarinnar nr. 55 við Þinghólsbraut dags. 11. ágúst 2026 um fjölgun fasteignanúmera á lóðinni. Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa þann 25. ágúst 2026 var erindinu vísað til umsagnar verkefnastjóra. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 14. september 2026.
Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 14. september 2026.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 05.11.2026

26082157 - Geymslustaður ökutækja við Engihjalla 11. Umsagnarbeiðni.
Lögð fram umsagnarbeiðni Samgöngustofu dags. 17. júlí 2026 um geymslustað ökutækja í útleigu vegna umsóknar um starfsleyfi til reksturs ökutækjaleigu við Engihjalla 11. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 7. september 2026.
Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 7. september 2026.

26082081 - Breyting á aðalskipulagi Reykjavíkur. Borgarspítalareitur. Geðsvið LSH. Skipulagslýsing.
Lögð fram umsagnarbeiðni frá Reykjavíkurborg dags. 25. ágúst 2026 vegna skipulagslýsingar fyrir breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040.
Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir á þessu stigi.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 05.11.2026

26081609 - Birkigrund 17. Fyrirspurn.
Lögð fram að nýju fyrirspurn lóðarhafa lóðarinnar nr. 17 við Birkigrund dags. 23. ágúst 2026 um stækkun innkeyrslu og bílastæðis og endurnýjun malbiks.

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa þann 25. ágúst 2026 var erindinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 28. september 2026.
Jákvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 28. september 2026.

26091629 - Hamraborg 11. Fyrirspurn.
Lögð fram fyrirspurn Jóns Davíðs Ásgeirssonar dags. 11. september 2026 f.h. lóðarhafa lóðarinnar nr. 11 við Hamraborg hvort heimild fáist til að skrá eignarhluta 02 01 í gistiheimili.

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa þann 14. september 2026 var erindinu vísað til umsagnar verkefnastjóra. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 28. september 2026.
Jákvætt, með vísan til umsagnar dags. 28. september 2026.

26091702 - Gulaþing 22. Byggingarleyfisumsókn.
Lagt fram að nýju erindi byggingarfulltrúa dags. 11. september 2026 þar sem byggingarleyfisumsókn Kristins Ragnarssonar arkitekts f.h. lóðarhafa lóðarinnar nr. 22 við Gulaþing er vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa. Sótt er um glerhýsi á eignarhluta 0101. Uppdrættir dags. 8. júlí 2026.

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa þann 14. september 2026 var erindinu vísað til umsagnar verkefnastjóra. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 28. september 2026.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 28. september 2026, samþykkt. Sækja þarf um breytingu á deiliskipulagi.

26092027 - Hófgerði 10. Fyrirspurn.
Lögð fram fyrirspurn Jakobs E. Líndal arkitekts dags. 16. september 2026 f.h. lóðarhafa lóðarinnar nr. 10 við Hófgerði um að 30m² bílskúr verði innréttaður sem leiguhúsnæði með 2 íbúðareiningum fyrir útleigu sem gististaður án veitinga í flokki II. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 28. september 2026.
Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 28. september 2026.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 05.11.2026

26101100 - Álfhólsvegur 62. Byggingarleyfisumsókn.
Lögð fram að nýju að lokinni grenndarkynningu byggingarleyfisumsókn lóðarhafa lóðarinnar nr. 62 við Álfhólsveg. Sótt er um að hækka þak og breyta útliti hússins. Uppdrættir dags. 12. nóvember 2023, uppfærðir 27. maí 2026 og skráningartafla dags. 12. nóvember 2023, uppfærð 20. maí 2025. Byggingarleyfisumsóknin var grenndarkynnt frá 2. september til 2. október 2026. Engar athugasemdir bárust.
Samþykkt með vísan 4.tl. 3. gr. í viðauka IV við samþykkt um stjórn Kópavogsbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 1691/2024. Vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa.

2607300 - Hraunbraut 9. Byggingarleyfisumsókn.
Lögð fram að nýju að lokinni grenndarkynningu byggingarleyfisumsókn Kristjáns Georgs Leifssonar byggingafræðings f.h. lóðarhafa lóðarinnar nr. 9 við Hraunbraut. Sótt er um að byggja 108 m² viðbyggingu á tveimur hæðum með bílskúr á 1. hæð og stofu þar ofan á. Uppdrættir dags. 3. mars 2026. Byggingarleyfisumsóknin var grenndarkynnt frá 1. september til 1. október 2026. Engar athugasemdir bárust.
Samþykkt með vísan 4.tl. 3. gr. í viðauka IV við samþykkt um stjórn Kópavogsbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 1691/2024. Vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa.

26091932 - Fjallalind 18. Fyrirspurn.
Lögð fram að nýju fyrirspurn lóðarhafa lóðarinnar nr. 18 við Fjallalind dags. 15. september 2026 um að reisa 15 m² geymsluskúr utan byggingarreits, við lóðarmörk til vestur og um 1m frá gangstétt á bæjarlandi. Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa þann 28. september 2026 var afgreiðslu frestað.
Ekki eru gerðar athugasemdir við erindið.

2610598 - Hlíðarhvarf 11. Fyrirspurn.
Lögð fram fyrirspurn Ívars Sveinssonar arkitekts dags. 5. október 2026 f.h. lóðarhafa lóðarinnar nr. 11 við Hlíðarhvarf um breytingu á deiliskipulagi. Spurst er hvork heimilt sé að auka byggingarmagn um 4,5 m², úr 246 m² í 250,5m² og hvort heimilt sé að færa stoðvegg á jarðhæð til norðurs. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 13. október 2026.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 13. október 2026, samþykkt.

26093687 - Skemmuvegur 32. Byggingarleyfisumsókn.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 05.11.2026

Lagt fram erindi byggingarfulltrúa dags. 25. september 2026 þar sem byggingarleyfisumsókn Aðalsteins Snorrasonar arkitekts f.h. lóðarhafa lóðarinnar nr. 32 við Skemmuveg er vísað til skipulagsfulltrúa. Sótt er um að byggja 15 m² viðbyggingu við atvinnuhús. Uppdrættir dags. 31. október 2025.

Samþykkt með vísan 6. tl. 3. gr. í viðauka IV við samþykkt um stjórn Kópavogsbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 1691/2024, sbr. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 05.11.2026

2610055 - Kópavogsbraut 51, 53-55 og 57. Fyrirspurn.

Lögð fram að nýju fyrirspurn Bryndísar Eyfjörð Alfreðsdóttur arkitekts dags. 1. október 2026 f.h. lóðarhafa lóðarinnar nr. 57 við Kópavogsbraut um mögulega uppbyggingu lóðanna nr. 51, 53-55 og 57 við Kópavogsbraut. Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa þann 13. október 2026 var erindinu vísað til umsagnar verkefnastjóra. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 27. október 2026.

Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 27. október 2026.

26093809 - Digranesheiði 45. Byggingarleyfisumsókn.

Lagt fram að nýju erindi byggingarfulltrúa dags. 25. september 2026 þar sem byggingarleyfisumsókn Helga Hjálmarssonar arkitekts f.h. lóðarhafa lóðarinnar nr. 45 við Digranesheiði er vísað til skipulagsfulltrúa. Sótt er um stækka bílskýli, fella út þakglugga og breyta stigum á raðhúsum. Uppdrættir dags. 25. júní 2026. Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa þann 13. október 2026 var erindinu vísað til umsagnar verkefnastjóra. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 27. október 2026.

Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 27. október 2026.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 05.11.2026